
V. EDDU-BROT¹.

...
... ldu var iafnfrækn. Þviat hann va fafni ok regin ok tok arf eptir þa baða. Þa svarar brynhildir meira var þat þo vert at gunnar reid vafurlogan² en sigurdr þordi eigi. þa hlo guþrun ok mælti ætlar þu at gunnar riþi vofurlogan sa ætla ek at gengi i reckiu hea þer er mer gaf gullbaug þenna. En sa gullbaugr er þu þat at linfe hann er kalladr anduaranautr ok ætla ek at eigi sotti gunnar hann a goitaheidí. Þa þagnadi Brynhildir ok geck heím. Eptir þat eggiaþi hon gunnar til ok haugna at drepa sigurd. En þviat þeir voro eidsuarar sigurdar þa eggjudu þeir til gutthorm broþur sinn at drepa sigurd ok gutthormr lagdi Sigurd sofanda suerdi i gegnum. En er Sigurdr feck sarit þa greip hann suerdit gram ok kastadi eptir honum sua at sundr sneid manninn i miþiu. Þar do Sigurdr ok sonr hans þreutr er sigmundr het hann drapu þeir. Eptir þat lagdi brynhildir sik suerdi i gegnum ok var hon brennd med Sigurdi en gunnar ok haugni toku fafnis arf. ok anduaranaut ok reþu löndum. Eptir sigurþ svein lifdi eptir dottir er aslaug het. hon var uppfædd at heimis i hlymdaulum ok ero þapan komnar ættir storar. Sva er sakt at sigmundr volsungsson var sva mattugr at hann drack eitr ok sakadi hann ecki. enn sínfiotli ok sigurdr synir hans voro sva hardir a huþina at þa sakadi eigi eitr þott vtan kuæmi a þa bera. Atli budla son feck þa guþrunar er Sigurdr

¹) *Fragmentum membranaceum Arnarnagnæanum Nr. 1eß in Folio.* — ²) vaf¹logan, membr.

hafði atta ok attu þau baurn saman. Atli konungr haud til sin gunnari ok haugna ok þeir foru at heimþöfinu ok adr þeir foru heiman falu þeir gullit fafnis arf i anni rín ok hefir¹ gull allðri fundiz síþan. En Atli konungr hafði þar fyrir mikít líð. ok harþiz við þa hogna ok gunnaa ok vrdu þeir handteknir. Let hann skera hiarta or haugnr kuikum ok yard þat hans bani. En gunnari let hann kasta i ormgard ok þa var honum feingín leyniliga harpa ok slo hann med tanum þviat hendur hans voro bunnar. En sua lek hann hórpuna at allir ormarnir sofnudu nema su ein nadra sem rendi at honum ok hio sva fyrir slagbrioskad² at hon³ steypiti hófdinu inn i hólit ok hangði hon a lífrinni þartil er hann do. Haugni ok gunnar ero kallapír niflungar ok giukunngar fyrir því at⁴ gull kallat skattr þeirra eþa arfr. Litlu síþar drap guþrun sonu sina ij ok let gora med gulli ok silfri bordker af hausum þeirra. ok þa var gort erfi niflunga. Ad þessi veizlu let guþrun skenkía atla konungi med bordkerum þessum mið ok var blandat við blóði sueinanna. En hiortu þeirra let hon steikia ok fú konungi at eta enn er þat var gort þa sagði hon honum med morgum ofógrum ordum þessi tíþinndi. Eigi skorti þar afeingan dryck sva at folk sofnadi þar sem sat. A þeirri nott geck guþrun til konungs ok med henne sonr hógna. ok vagu þau at honum þar er hann sat ok vard þat hans bani. Þa skutu þau elldi i hollina ok brann þat allt inni er þar var. Eptir þat soðri hon til siofar ok hliop á sioinn ok villdi dreckia ser en hana rak yfir síórdinn ok kom hon þa a þat land er atti ionakr konungr. En er hann sa hana tok hann hana til sin ok feck hennar. þau attu iij sonu þa er sua heita. Saurli ok erpr ok hamþir þeir voro allir suartir sem hrafn á harslit sem gunnar ok haugni ok adrir niflungar. Þar sæddiz upp suanhildr dottir Sigurðar sueins ok var allra kuenna frægst. Þetta spurði

¹) *excidit*: þat. — ²) *sic membr.* — ³) *h*, 1eß. — ⁴) *sic* 1eß; *rect.*: er.

ermenrekr konungr hinn riki hann sendi son sinn randve at biþia hennar til handa ser. Enn er hann kom til ionakrsborgar þa var suanhilldr selld i hendr randve at færa hana ermenrek konungi. Þa sagði bicki iarl at þat væri betr fallit at randver ætti suanhildi er hann var vngr ok bædi þau en ermenrekr var gamall. Þetta rad likadi þeim vel hinum vngum mönnum. Þvi næst sagði bicki jarl konungi þetta. Þa let konungr leida son sinn til galga. Þa tok randver hauk sinn ok plockadi af siadrirnar ok bad senda heim fedr sínum ok sidan var hann heingdr. En er ermenrekr konungr sa haukinn þa kom honum i bug hvat hanþ hafði gort at sua sem haukriun var ofleygr ok siadr-lauss sva var ok riki hans ofært er hann var gamall ok sonlaus. Þat var eitt sinn er ermenrekr konungr reid or skogi fra veidum at suanhilldr drotning sat at haddblike þa riþu þeir a hana ok tradu undir fotum til bana. En er þetta spurði gudrun þa eggjadi hon sonu sina til hefnda eptir suanhildi. Enn er þeir biogguz til ferðar þa feck hon þeim bryniur ok hialma sua sterka at eigi matti iarn a festa. Hon lagði rad fyrir þa at þa er þeir kuæmi til ermenreks konungs skylldu þeir ganga vm nott at honum sofanda. Skylldu saurli ok hamdir hauggua af honum hendr ok fætr en erpr hofut. En er þeir koma á leid þa spurdu þeir erp brodur sinn huer líþsemd þeim mundi at honum vera þa er þeir hitti ermenrek konung en hann segir at hann mvn veita þeim þvilikt sem hönd fæti. Þeir segia at þat var allz ecki er fotr studdiz við hönd. en sva voro þeir reiþir moþur sinni er hon háfdi þa heiptyrdum vtleidt at þeir villdu gora þat er henne þætti verst ok drapu þeir erp broþur sinn. þviat hon vnni honum mest. Litlu sidar þar sem saurli geck skridnaþi hann odrum fæti ok studdi hann sik med hendinni þa mælti hann. Betra væri nu at erpr broþir ockar lifði þviat veitti nu höndin fætinum. Enn er þeir kvamu til ermenreks konungs of nott þar sem hann suaf þa hiuggu þeir af honum hendr ok fætr ok við þat vaknadi hann ok kalladi

á menn sína ok bad þa vaka. Þa mælti hamþir af mundi nu hofudít ef erpr broþir ockar lífdi. Þa stoðu vpp hirdmenn ok sottu at þeim ok fengu eigi med vapnum sott þa. Þa kallar ermenrekr konungr at þa skyldi med gríoti bería ok sua var gort. Þar fellu þeir hamdir ok saurli. þa var ok daud aull ætt ok afkuæmi giuka því er brynja kollut klædi eþa vapir hamdis ok saurla. her eptir qvad Bragi skald.

Knatti adr. vid illan
ermenrekr at vakna
med dreyrfar dottur
draum i suerda flaumi
rostu vann i rauni
randvers hofut nidia
þa er hrafnblair hefndu
harma erps vm barmar.

Flaut vm set med sueita
soknar alfs á golfi
hræfa daugg þar er hauggnar
hendr ok fætr of kenduz
fell i blodi blandin
brunn aulskali runa
þann aleifa landa
laufdi fatt á hófdi.

Þar sva at giordu gyrðan
golfhaukuis sa fylkis
segls naglfara siglur
saums anduanar standa
vrdu snemst ok saurli
samrada þeir hamdir
halum herdi mylum
hergautz vínun bardir.

Míott let stala stauckuir
stydia giuka nidia
flaums þa er síðruí næma
fogl hilldar mun villdu

ok blaserkiar birkis
ball fagr gauta allir
enni haugg ok eggjar
onakurs sonum launa.

Þat segig fall á faugrum
flotna randar botní
ræss gafu nid reidar
ragnarr ok fiold sagna.

¹Þvi er gull kallat miol froða til þess er saga su at skioldungur het son opins er skioldungar eru fra komnir. Hann hafdi atsetu ok red londum þar er nu heitir danmork en þa het gotland. Skioldungur atti þann son er fridleifr het er red londum eptir hann. Son fridleifs het froði hann tok konungdom eptir fedr sinn. J þenna tima red Augustus keisari fyrir romaborgar ríki ok lagði fríd vm allan heim ok þa var kristr borinn ok fyrir því at froði var allra konunga rikaztr á norðrlondum þa var honum kendr frídrinn vm alla danska tungu ok kalla menn þat froða fríd. Engi madr grandadi þa audrum þott hann fyndi fyrir ser broþurbana² eþa fopurbana² lausan eþa bundin þa var³ ok eingi þiofr ne ransmadr sua at gullbringr læ iij. vettr vid þioðueg á ialangrs heidi. Froði konungr sotti heimboð i suiþioð til þess konungs er fiolnir het. þa keypti hann ambattir ij þær er hetu fenia ok menia þær voro miklar ok sterkar. J þann tima funduz i danmorku kuernsteinar ij sva miklir at engi madr var sva sterkr at dregit gæti. En su nattura fylgdi kuerninni at þat molz á er sa mælti fyrir er mol su kveru het grotti. Heingikioptur het sa bondi er froða gaf kuernina. Froði konungr lett ambattirnar leida til kuernarinnar ok bad þær mala gull ok fríd ok sælu froða. En hann gaf þeim eigi

¹) *Rubro spatium vacuum relictum est.* — ²) broþ¹bana, fop¹bana, membr.; aliis locis in hoc fragmento siglum ¹ pro litera r finali, more recentiorum, usurpatur e. g. silf¹ = silfr.

lengri huilld ne suefn en meðan gaukrinn þagdi eða hlíod matti kueda. Þat er sakt at þa kuædi þær hlíod þau er kallat er grottasaungr ok er þetta upphaf at.

| | |
|------------------|------------------|
| Nv ero komnar | þær ero at froda |
| til konungs husa | fridleifssonar |
| framuisar tuær | mattkar meyar |
| fenia ok menia | at mani gioruar. |

Ok adr letti kvæðinu molu þær her at hendr froda sva at at þeirri nott kom þar sækonungr sa er mysingr het ok drap hann froda ok tok þar herfang mikít. Þa lagdiz frodafridr. Mysingr hafdi med ser grottakuernina ok sva fenu ok meniu ok bad hann þær mala sallt. En at miþri nott spurdu þær huart mysingi leiddiz eigi sallt hann bad þær mala leingr þær molu litla hrid adr nidr sucku skipin ok var þar eptir suelgr i hafinu er siorrinn fell i kuernar augat. Þa vard siorrinn salltr.

¹Einn konungr i danmork er nefndr hrolfr kraki hann var agætaztr allra fornkonunga fyrst af milldi ok frækleik. Þat var eitt mark til vm litillæti hans er miok er frægt ordit at einn litill sueinn ok fatækr er nefndr vöggr hann kom i holl hrolfs konungs þa var konungrinn vngr at allðri ok grannligr á vóxt. þa geck voggr fyrir konunginn ok sa uppa hann. Konungr spyrr huat villtu mæla sueinn er þu starir á mik. Vöggr segir. þa er ek var heima med fedr minum heyrda ek sakt at hrolfr konungr at hleidru veri mestr madr at nordrlondum. En nu sitr her i hasæti kraki einn litill ok kalla þeir hann konung sínn. Þa suarar hrolfr konungr. þu sueinn hefir gefit mer nafn at ek skal heita hrolfr kraki en þat er titt at gíof skal fylgía nafnfestí. Nu² ek þig³ enga gíof til hafa mer at gefa at nafnfesti þa at mer se þægilig. Syniz mer þat rad at sa oekar gefi odrum sem helldr hefir til. Tok hrolfr gullhring af hendi ser ok gaf honum þa mælti vöggr

¹) *Rubro vacuum spatium relictum est.* — ²) *excidit:* sè. — ³) *sic (non þik), 1eð.*

gef þu allra konunga heilaztr ok þess streingi ek heit at verda þess mannz bana madr er þinn bana madr verdr þa mælti konungr ok hlo vid. Litlu verdr vöggr seginn. Annat mark var at vm hrolf kraka vm frækleik hans at sa konungr red fyrir vppsaulum er adils het. Hann atti yssv moþur hrolfs kraka. Apils atti osætt vid þann konungr er reþ fyrir noregi er ali het. Þeir laugdu orustu stad med ser á isi vatz þess er væni heitir. Adils konungr sendir ord hrolfi kraka magi sinum at hann kæmi til lidueizlu vid hann ok het mala ollum her hans meðan þeir væri i ferdinni. Enn konungr sealfr skyldi eignaz iij kostgripi þa er hann kiori or suiþíod. Hrolfr konungr matti eigi fara fyrir ofriþi þeim er hann atti vid saxa. en þo sendi hann adils konungi berserki sína xv þar var einn baudvar biarki ok hiallti hinn hugprvdi huítserkr hvati vauutr ok veseti ok þeir bræð(r) beigadr ok suiþdagr. J þeirri orosto fell ali konungr ok mikill hlutr lids hans. Þa tok adils konungr af honum daudum hialminn hilldisuín¹ ok hest hans hrafn. Þa beidduz berserkir hrolfs kraka mala sins af apils konungi iij pund gullz huerr þeirra ok vm fram beidduz þeir at færa konungi kostgripi þa er þeir kioru honum til handa. Enn þat var hialmrinn hilldigauiltr ok brynian finnzleif er hvergi festi iarn á ok gullhringr sa er kalladr var suiagriss er att hófdu langfedgar apils. En konungr varnadi allra gripanna ok eigi helldr gallt hann malan. Foru berserkir a brutt ok vndu illa sinum hlut ok sogdu svabuít hrolfi kraka. enn iafnskiott byriadi hann ferd sina til vppsala ok med honum xij berserkir hans ok allir gridalausir. yssa moþir² hans fagnafi honum ok fylgdi þeim til herbergis ok eigi til konungs hallar voro þa goruir elldar storir fyrir þeim ok gefit þeim avl at drecka. Þa komu inn menn adils konungs

¹) hilldisuín, 1eð. — ²) moþir¹, 1eð.

ok baru skid á elldinn ok giordu sva mikinn at brunnu klædin¹ af hrolfi konungi ok mæltu. Suá er sakt at hrolfr kraki ok berserkir hans flyi huarki elld ne iarn. Þá hliop hrolfr konungr vpp ok allir þeir ok mæltu sva.

Aukum ellda
at aðils husum.

Tok konungr þá skiold sinn ok kastadi á elldinn ok hliop sva yfir balit á meþan er skioldrinn brann ok en mælti hann.

Flyrat sa ellda
er yfir hleypr.

Sva for huerr at odrum hans manna. Toku þeir síþan þá er kynt hófdu elldana ok kostudu þeim a balit þui næst kom þar yssa drottning ok feck hon konungi dyrs-horn fullt af gulli ok þarmed hringinn suia gris ok bad þá riþa i brutt skiott til lids sins. Þeir hliopu a hesta sina ok riþu ofan a fyrir völlu þá sa þeir at aðils konungr reid eptir þeim med her sinn aluapnaþan ok vill drepa þá. Þá tok hrolfr konungr hægri hendi gullit ofan í hornit ok sair á vallt om gautuna. Enn er suiar sa þat þá hliopu þeir or saudlum sinum ok tok huerr slikt er feck enn konungr bad þá rida ok reid sealfr akaftiga. Slaunguir het hestr hans ok var allra hesta skiotaztr er med suium var. Þá sa hrolfr konungr at aðils konungr reid nær honum tok hann þá hringinn suia gris ok kastadi til hans ok bad hann þiggia at gíof at ser. Aðils konungr reid at honum ok tok til bringsins med spíotzoddinum ok rendi uppa falion þá veik hrolfr konungr aprt ok sa at aðils laut niþr þá mælti hrolfr konungr. Suinbeykt hefig nu þann er rikaztr er med suium sua skilduz þeir. Af þessi sauk er gull kallat sad kraka eþa fyrir valla. sva qvad eyvindr skalldaspillir.

Barum vllr vm allan fiollum fyrisvalla
imun leiks á hauka frá hakonar æfi.

¹) klædin, 1eß.

Sua qvad þiodolfr.

| | |
|-----------------------|--------------------------|
| Aurd ser yrsa burdar | eyss landreki liosu |
| innrott iofur sinni | lastvarr kraka barri |
| biartplogadan bauga | a helmíldrar holdi |
| bratt akr völu spakra | hauks kalfr mer sealfum. |

¹J biarkamalum hinum fornum eru tauld morg gullz heiti. sva segir þar.

| | |
|---------------------|-----------------------------------|
| Gramr hinn gíoflazi | tregum oturs ² gíoldum |
| gladdi hird sina | tarum mardallar |
| feniu foruerki | elldi orunar |
| fafnis miþgardi | idia glysmaluni. |
| glasis globarri | Gladdi gunnueitir |
| grana fagrbyrdi | gengum fagrbunir |
| draupnis dyrsueita | þiaza þingskilum |
| duni grafitnis. | þioþir hermargar |
| Ytti aurr hilmir | rinar raudmalum |
| alldir vid toku | rogí budlunga |
| sifur suardfestum | visi hinn vigðarfi |
| suelli dalnaþar | vardi hann balldr þaugli. |

³Sva er sakt at konungr sa er haulgi er nefndr red fyrir haulga landi. Hann var faþir þorgerdar. þau voru bædi blotud ok var haugr haulga kastadr annarrí flo af gulli eþa silfri enn onnur af molldu ok grioti. þat var blotfeit. Sua qvad skuli þosteinson.

Þa er ræfruita reifnis
raud⁴ fyrir suauldr til audar
fylgnis haug ok haulga
haugþak saman bauga.

Gull er ok kallat í kenningum elldr eþa lios handar eþa leggiar þviat þat er rautt. En silfr er snær eþa suell eþa hela þviat þat er huitt. Med sama hætti skal ok kenna gull eþa silfr til siods eþa diguls eþa hanndar. ok huar-tueggia silfr ok gull ma vera griot handar eþa halsgiord

¹) Rubro vacuum spat. relictum est. — ²) sic (non otrs), 1eß. — ³) Rubro vac. spat. relictum est. — ⁴) excidit: ek.

nockurs þess mannz er titt var at hafa men. ¹ok hringar ero bædi silfr ok gull ef eigí er annan veg greint. sva qvad þorleifr fagri.

Kastar gramr a glæstar
gegn valstodar þegnum
vngr visi gefr eisu
armleggs digulfarmi.

Ok sem qvad einar skalaglamm.

Lidbrondum kna lundar
landfrækn iofur² granda
hycka ek ræsis recka
rínar griot of þriota.

Sua qvad einarr skulason.

Blodeisu gefr bædi
biargtueim megin geima.
siods a ek sauckua stridi
snær ok elldr at mæra.

Ok sem hann qvad.

Dægr þrymr huert en hiarta
hlyrskilldis rædr milldi
heita blacks vm hvitum
hafleygr digulskafli
alldri ma fyrir elldi
als dynbrautar skala
aull vid folka fellis
fram ræda snæ hræda.

Her er gull kallat [snær skafanna³. Sva qvad þorðr mauraskalld.

Ser a seima rýri
sigdis latrs [ok atri
hrauner⁴ glásendir handa
hermoþr fauþur goþum.

¹) *hic excidisse videtur: men.* — ²) *iof², Ieß.* — ³) *a [sic Ieß; rect. eldr áls hrynbrautar (dynbrautar), en silfr snær skálanna.* — ⁴) *a [sic Ieß; rect. at átti | hrauns.*

¹Madr er kalladr briotr gullzins. Sva qvad oftarr suarti.

Godmennis þarf ek gunnar
gullz briotanda niota
her er alnennin inni
inndrott med gram suinum.

Hann er ok sendir gullzins. Sva qvad einar skalaglamm.

Gullsendir lætr grvndar
gledr þeingill her dreingia
hans mætti kna ek hlyda
hliott ygg miadar niota.

Gulluaurpuðr sem qvad þorleikr.

Hird vidr grams vnd gerðum
gullvorpudr ser holla.

Gullstridir sem qvad þorlakr blaunduskalld.

Gullstriþir verpr glodum
grefur² aud konungr rauþum
vþiodar bregðr eydir
armleggs grana farmi.

Gullskati sem her er.

Gat ek gvllskata gautu gunnuita
g...³ leiks of baur graps taugðrapu.

⁴Kona er kollut selia gullz. sem qvad hallarsteinn.

Sualteigar mun seliu
salltz vidblinda galltar
rafkastandi rastar
reyrþueings muna leingi.

Her eru hualir kalladir Vidblinda gelltir. hann var iotunn ok dro huali i hafi vt sem fiska. Teigr huala er sær enn rauf sæfar er gull. En kona er selia gullz þess sem hon gefr ok samheítu seliu er tre sem fyrr var ritad at kona er kend til allzkonar trea heita kuenkendra. Hon

¹) *Rubro spat. vac. relictum est.* — ²) *sic (gref¹) Ieß; rect. gefr (et mox: rauþan).* — ³) *h. l. membr. læsa est.* — ⁴) *Rubro spatium vac. relictum est.*

er ok kollut lag þess er hon gefr. Lag heitir ok tre þat er fellr í skogi. sem qvad gunnlaugr ormstunga.

Alin var rygr at rogi
runnr olli því gunnar
lag var ek auds at eiga
odgiarn fira bornum.

Kona er kollud mork. sem qvad hallarsteinn.

Ek hefi oþar lokri
aulstafna þer skafna
ven mork skala verka
vandr stef knarrar branda.

Troþa sem qvad steinn.

Þu munt furs sem fleiri
flods hirdi síf troða
graunn at gæfu þinni
gríotz hiadninga briotaz.

Skorda sem qvad ormr steinþors son.

Skorda var i fot færð
fiardbeins afar hreins
nyri saung naddfreyr
nisting vm miþar hrist.

Stod sem steinar qvad.

Mens hafa melldrar syniar
míukstallz logit allir
sua hófum vellti stod stilltan
straumtungls at mer draumar.

Biork sem ormr qvad.

Þuiat hols hrynþals
hramma¹ þaz ek ber fram
billings a burar full
biarkar hefug lagit mark.

Eik sem her er.

Aura stendr fyrir orum
eik faugr² buin leika.

¹) hramam, 1eþ. — ²) faug¹, 1eþ.

Lind sem her er.

Ogn rackr skal at ockur¹
almr dynskurar malma
sva baud lind i landi
lins hugrecki duinar².

³Madr er kendr til vidar sem fyrr⁴. kalladr reynir vapna eþa viga eþa ferda eþa skipa ok athafnar ok allz þess er hann rædr ok reynir. Sva qvad vlfr vggason.

En stird þinull stardi
stordar leygs fra bordi
frans a folka reyni
franleitr ok bles eitri.

Veidr⁵ ok meidr sem kormakr qvad.

Meidr er morgum ædri
mordreins i dyn fleina
hiorr ferr hilldar borrum
hiarl sigurdi iarli.

Lundr sem hallfredr qvad.

Ask þollum gengr vllar
austr at miklu trausti
ræki lundr hinn riki
randfars brumadr hari.

Her er þollr nefndr buss. Sva qvad arnorr.

Reykr aundurt bad randar
regg buss saman leggja
rogskyia hellt rygia
regn haust nott i gegnum.

Askr sem refr qvad.

Geck i gulli stockna
giaf rifr has drifu
askr vid ærinn þroska
elfreyr sæing meyar.

¹) ock¹r, 1eþ. — ²) sic 1eþ; rect. dvina. — ³) Rubro vac. spat. relictum est. — ⁴) excidit: er ritað. — ⁵) sic 1eþ; rect. viðr.

Hlynr sem her er .

Heill kom þu handar suella
hlynr kuaddi sva bryniu.

Baurr sem refr quad.

Alls baud auglis galla
aurr rædr til þess hiorua
ognstauduar hefig ægi
eínradit þorsteiní.

Stafr sem ottarr qvad.

Hellztu þar er hrafn of sualltat
hatradr¹ ertu ládi
ognarstafr
.².

Þorn sem arnorr qvad .

Hlod enn hardla tædu
hirdmenn ara grenni
aupar þorn fyrir aunnum³
vngr valkaustu þunga.

Orrostu skal sua kenna at kalla hana vedr vopna
eþa hlifa eþa ofins eþa valkyriu eþa herkonunga eþa gny
eþa glym sua qvad hornklofi.

Hadi gramr þar er gnídu
geíra hregg vid seggi
raud fnystu ben blodi
bengaugl vid dyn skauglar.

Sua qvad eyuindr.

| | |
|---------------|-----------------|
| Ok sa halr | hausuan serk |
| at hars vedri | hergrimmis bar. |

Sua qvad bersi .

Þotta ek þa er æri
ar sakt er þat vorum
hæfr at blackar drifu
hyrr runnum vel kunna.

¹) hatædr, 1eþ. — ²) sine lacuna, 1eþ. — ³) sic (aunū)
1eþ (= aunnum = örnum).

Sua qvad einarr¹.

Glymvíndi lætr gaunlar
gnast hiorr taka mestum
hilldar segl þar er hagli
hraustr þeingill drifr streingiar.

Sva qvad einarr skalaglamm.

Ne sigbiarka serkir
som milldingum romu
hars vid haugna² skurir
hlædut fast vm sædit³.

Ok sem her .

Odda gnyrs vid æsi
oddness þinul setta.

Ok en þetta .

Hnigu fiandr at glym gaunlar
grams vnd arnar hramma.

⁴Vapn ok herklædi skal kenna til orosto ok ofins ok valmeyia ok herkonunga. Kalla ma hialm hautt eþa falld en bryniu serk eþa skyrtu en skiollt tialld. Ok skialldborg er kóllud haull ok refn⁵ eþa veggir eþa golf. Skilldir eru kallaþir ok kendir vid herskip. Sol eþa tungl lauf eþa b(l)ik eþa gard skipsins. Skiolldr er kalladr skip vllar eþa kenndr til fota hrungnis er hann stod a skilldinum. A fornum skiolddum var titt at skrifa a raund þa er haugr var kalladr ok vid þann haug⁶ skiolldrinn kendr. Hauggvapn auxar eþa suerd er kallat elldr blods eþa beina. Suerd heita ofins elldar. En auxar ma kenna trollkuenna heitum ok kenna vid blod eþa beniar skog eþa viþ. lagvapn eru vel kend til orma eþa fiska. Skotvapn ero miok kend til hagls⁷. Allum þessum heitum er

¹) einarr, 1eþ. — ²) librarius primum haugnar scripsit, deinde delevit r, quod adhuc cernitur. — ³) rect. sædir. — ⁴) Rubro spatium vacuum relictum est. — ⁵) sic 1eþ; rect. ræfr. — ⁶) excidit: er s. var. — ⁷) hoc loco mbr. læsa est.

